

Umsögn frá LS í samráðsgátt stjórnvald

Drög að frumvarpi til laga um áhafnir skipa

3. mars 2021

Landssamband smábátæigenda (LS) er sammála því sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins að þörf sé á að einfalda regluverk. Frumvarpið sameinar fern lög sem fjalla um áhafnir skipa.

Hins vegar kemur fram í greinargerðinni að

„Markmið frumvarpsins er ekki að gera umfangsmiklar breytingar á þeim efnislegu reglum sem um áhafnir skipa gilda heldur að sameina lög í ein lög um þetta efni“.

LS telur einstök ákvæði frumvarpsins ganga gegn því sem þarna kemur fram þar sem lagðar eru til breytingar á lögum um áhafnir skipa sem mundu hafa gríðarleg áhrif á starfsumhverfi smábátaútgerðarinnar. Allt til þess að einstaka útgerðir munu ekki sjá sér fært að starfa í því umhverfi sem óbreytt frumvarp mundi leiða af sér.

Það er skoðun LS að slíkar breytingar eigi við í sérstöku frumvarpi og fái þar verðskuldaða umræðu þar sem veginn er ávinningur þeirra á móti þeim áhrifum sem þær valda á starfsumhverfi viðkomandi.

Bent skal á að í 6. kafla frumvarpsins „Mat á áhrifum“ segir:

„Ekki er gert ráð fyrir að frumvarp þetta hafi veruleg áhrif á atvinnulífið verð frumvarp þetta að lögum.“

Það sem þarna kemur fram styður sjónarmið LS að fella eigi út einstök íþyngjandi ákvæði úr frumvarpinu.

Eftirtalin atriði falla innan þess ramma:

1. Að ávallt verði tveir skipstjórnarmenn (skipstjóri og stýrimaður) og vélavörður með tilskilin réttindi í áhöfn smábáta (bátar styttri en 15 m að skráningarlengd) þegar róður stendur lengur en 14 klst. Þar sem báðir skipstjórnarmennirnir væru með réttindi sem smáskipavélaverðir væri ekki skylt að hafa þriðja manninn áhöfn.
2. Sérákvæði um eigendur í einmenningssjósókn
3. Brottfall þjónustusamninga

LS mótmælir öllum ákvæðum frumvarpsins sem innihalda ofangreint og krefst þess að þau verði felld brott við áframhaldandi vinnslu á þess.

Starfsumhverfi smábátaútgerðarinnar rúmar ekki að skylt sé að hafa stýrimann í áhöfn. Kjarasamningur LS og sjómannastakanna (Sjómannasambands Íslands, Félag skipstjórnarmanna og Félag vélstjóra og málmtæknimanna) sem undirritaður var 29. ágúst 2012 er ótvíræð sönnun þess. Í samningnum er ekki minnst á starfsheitið, stýrimaður.

LS er ósammála þeirri neikvæðni sem fram kemur í frumvarpinu varðandi þjónustusamninga. Reynsla útgerða sem starfað hafa náið með smiðjum sem veita slíka þjónustu er afar góð.

Virðingarfyllt



framkvæmdastjóri